



Skólastefna Garðabæjar 2010 - 2013

Leikskólar, grunnskólar og tónlistarskóli



GARÐABÆR



HÚFUR
SEM
HLÆJA

Kjarni málsins



Ánægðir nemendur:

- Velliðan og velferð nemenda verði í fyrirrúmi.
- Hlúð verði að andlegu og líkamlegu heilbrigði nemenda.

- Unnið verði með markvissum hætti að eflingu sjálfsvirðingar og sjálfs-ábyrgðar nemenda.
- Nemendaráð verði eftt og þróaður jafningjastuðningur/vinahópar.

Virkir foreldrar:

- Foreldrar hafi skýrt hlutverk í námi barna sinna.
- Stefna verði mótuð um foreldra-samstarf og aðgerðaráætlun unnin í samráði við foreldrafélög, foreldra-ráð og skólaráð.

- Upplýsingakerfi verði nýtt markvisst til að upplýsa foreldra um nám, skólastarf, áætlanir og þær breytingar sem varða skólahald.
- Foreldrar verði hvattir til að nýta rétt sinn til að koma í skólann og kynna sér starfið og taka þátt.

Fjölbreytt nám:

- Áhersla verði lögð á að vinna með hæfileika og styrkleika nemenda.
- Ýtt verði undir frumkvæði og sköpunargáfu nemenda.
- Boðið verði upp á fjölbreytta kennsluhætti og námsumhverfi.

- Einstaklingsmiðað nám og skólastarf verði skilgreint með skýrum hætti.
- Skýr stefna verði til um heimanám.
- Skapandi verkefni verði hluti af námi nemenda óháð námsgrein.
- Markviss stefna og fræðsla verði varðandi samskipti.

Markvisst skipulag:

- Skólanámskrá verði endurskoðuð í áföngum árin 2010-2013.
- Starf skóla verði skipulagt með hliðsjón af samfellu í vinnudegi nemenda.
- Skóladagatal verði samræmt.
- Skóladagurinn verði skipulagður með hliðsjón af þörf nemenda fyrir hreyfingu.
- Áætlun verði gerð um eflingu lýðræðislegra starfshátta í skólastarfi.

Menntaðir og hæfir starfsmenn:

- Stuðlað verði með markvissum hætti að andlegu og líkamlegu heilbrigði starfsmanna.
- Starfsmenn taki virkan þátt í endurmenntun.



Formáli

Á fundi bæjarstjórnar 17. september 2009 var samþykkt tillaga Páls Hilmars-sonar bæjarfulltrúa um endurskoðun heildstæðrar skólastefnu Garðabæjar. Endurskoðunin tekur til leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla.

Skipaður var fimm manna stýrihópur til að vinna að endurskoðuninni.

Í honum voru: Páll Hilmarsson, Lúðvík Steinarsson, Ásdís Olsen, Hjördís Eva Þórðardóttir, og Stefán Veturliðason ásamt starfsfólki fræðslu- og menningar-sviðs.

Stýrihópurinn lagði áherslu á að fá fram skoðanir og áherslur sem flestra sem lifa og starfa í skólasamfélaginu og ákvað m.a. að senda tvær spurningar til nemenda, foreldra og starfsfólks skóla í Garðabæ. Allir fengu sömu spurningarnar:

- **Hvað gerir skólastarf gott?**
- **Hvað má bæta í skólastarfi?**

Nemendur grunn- og tónlistarskóla svöruðu spurningunum ýmist í litlum hópum eða á skólapingi innan hvers skóla. Börn í leikskólum áttu samtalið við leikskólakennara um skólastarfið.

Foreldrar fengu spurningarnar sendar rafrænt.

Starfsfólk leik-, grunn- og tónlistarskóla svaraði spurningunum á starfsmannafundum.

Opið skólaping var haldið þann 11. febrúar 2010 þar sem svör og tillögur hópanna voru kynntar. Á þinginu var síðan unnið í litlum hópum sem var skipt í eftir skólastigum, það er leikskólar, grunnskólar og tónlistarskóli. Ástæða þess er að áherslur geta verið ólíkar eftir skólastigum.

Í ljós kom að leik- og grunnskóli eiga mikinn samhljóm en tónlistarskólinn hefur ýmsar aðrar áherslur. Var því ákveðið að hafa markmið fyrir leik- og grunnskóla sameiginleg en jafnframt setja fram áherslur sem tengjast hvoru skólastigi. Á svörum sem komu fram bæði á skólapinginu og við svörum spurninganna kom fram að þeir þættir sem nemendur, foreldrar og starfsfólk vildi leggja áherslu á í skólastarfinu eru; nemandinn og nám, sköpun, skipulag og hvatning til umhverfisvitundar, hreyfing og hollusta, foreldrasamstarf og virkni foreldra í skólasamfélaginu, virðing og lýðræði, samkennd, samvinna og gleði.

Í kjölfar þessara ábendinga ákvað stýrihópurinn að setja fram leiðarljós sem endurspeglar áherslur skólastefnunnar en þau eru:

metnaður • virðing • sköpun • gleði

Einnig var ákveðið að setja fram eftirfarandi hornsteina:

Nám og kennsla
Umhverfi og skipulag
Hollusta og hreyfing
Lýðræði og virðing

Hornsteinar leik- og grunnskóla eru þeir sömu en hjá Tónlistarskólanum kemur **menning og tónlist** í stað hollustu og hreyfingar.

Stefnan er þannig uppbyggð að fyrst er hlutverk skólanna sett fram og leiðarljósín. Þar á eftir koma sameiginleg markmið leik- og grunnskóla og síðan áherslur fyrir hvert skólastig. Stefnan er öll sett fram í stuttum og auðlesanlegum setningum og eru hornsteinarnir rauði þráður stefnunnar. Í kjölfar stefnunnar verður gerð aðgerðaráætlun.





Leiðarljós skóla í Garðabæ eru:

Metnaður • Virðing • Sköpun • Gleði

Hlutverk skóla í Garðabæ er að:

- Bjóða upp á margbreytilegt, metnaðarfullt og sveigjanlegt starf.
- Leggja áherslu á fjölbreytta kennslu og margs konar verkefni þar sem stuðlað er að árangri í námi, öryggi og vellíðan nemenda.
- Búa starfsmönnum öruggt og áhugavert starfsumhverfi og tækifæri til þróunar í starfi.
- Veita nemendum og foreldrum góða þjónustu.



Hornsteinar skólstefnu Garðabæjar eru :

NÁM OG KENNSLA
UMHVERFI OG SKIPULAG
HOLLUSTA OG HREYFING
LÝÐRÆÐI OG VIRÐING
TÓNLIST OG MENNING



Leik- og grunnskólar

NÁM OG KENNSLA

Markmið leik- og grunnskóla varðandi NÁM OG KENNSLU eru að:

- Nemendur fái tækifæri til taka þátt í verkefnum sem hvetja til skapandi og sjálfstæðrar hugsunar.
- Nemendur fái þjálfun í heimspeki- legri samræðu.
- Gefa nemendum kost á fjölbreytni í námi sem fer fram bæði úti og inni.
- Þjóða upp á fjölbreytta náms- aðstoð.
- Skilgreina með skýrum hætti hvað felst í einstaklingsmiðuðu skóla- starfi.
- Foreldrar fái tækifæri til virkrar þátttöku í skipulögðu starfi og að eigin frumkvæði.
- Foreldrar upplýsi kennara og skóla um atriði er varða nám og skóla- göngu barnsins.
- Kennarar skapi foreldrum tækifæri á hverju ári til að taka að sér tiltekin verkefni og gefi þeim þannig tækifæri til að stuðla að betri árangri barnsins í námi.
- Starfsfólk leggi áherslu á fjöl- breytta kennsluhætti með styrkleika nemenda að leiðarljósi.
- Mannauður sé nýttur á markvissan hátt og starfsfólk tileinki sér helstu nýjungar í kennslu og námi á hverjum tíma.
- Starfsfólk leggi áherslu á endur- menntun.
- Endurskoða skólanámskrá í áföngum árin 2010-2013.



Leik- og grunnskólar

UMHVERFI OG SKIPULAG

Markmið leik- og grunnskóla varðandi UMHVERFI OG SKIPULAG eru að:

- Efla virðingu og ábyrgðarkennd nemenda fyrir umhverfi sínu með virkri þátttöku í umhverfisverkefnum.
- Staðið sé vel að öllu starfi með góðum undirbúningi og skipulagi með ólíkar námsparfir nemenda í huga.
- Bjóða upp á gott aðgengi að sérfræðiaðstoð til að koma til móts við þarfir allra nemenda.
- Setja stefnu um foreldrasamstarf og vinna aðgerðaráætlun í samráði við foreldrafélög og skólaráð.
- Nota upplýsingakerfi á markvissan og fjölbreyttan hátt til að upplýsa foreldra um nám og skólastarf.
- Upplýsa foreldra tímanlega og með skýrum hætti um áætlanir og breytingar er varða skólastarf.
- Góð aðstaða verði til kennslu ásamt búnaði og viðeigandi tækjum sem styðja við nám nemenda og uppfylla viðmið sem fram koma í aðalnámskrá.
- Vinna markvisst að samstarfi milli skóla og skólastiga.
- Gerð verði starfsáætlun árlega í samráði við starfsfólk, foreldra og nemendur sem lögð sé fyrir skólafnefndir.
- Skólar í Garðabæ starfi eftir samræmdu skóladagatali.



Leik- og grunnskólar

HOLLUSTA OG HREYFING

Markmið leik- og grunnskóla varðandi HOLLUSTU OG HREYFINGU eru að:

- Stuðla með markvissum hætti að andlegu og líkamlegu heilbrigði nemenda.
- Kenna nemendum jákvæð viðhorf til lífsins og mikilvægi þess að upplifa gleði í daglegu lífi.
- Skipuleggja skóladaginn með hliðsjón af þörf nemenda fyrir hreyfingu.
- Nemendur fái fjölbreytt tækifæri til daglegrar hreyfingar og útiveru.
- Nemendur upplifi líkamlega, andlega og félagslega vellíðan.
- Nemendur taki þátt í að móta sér heilbrigðan lífsstíl til framtíðar.
- Stuðla með markvissum hætti að andlegu og líkamlegu heilbrigði starfsfólks.
- Stuðla að því að starfsfólk sé nemendum góð fyrirmynd um holla lífshætti.



Leik- og grunnskólar

LÝÐRÆÐI OG VIRÐING

Markmið leik- og grunnskóla varðandi LÝÐRÆÐI OG VIRÐINGU eru að:

- Nemendur fái tækifæri til að setja sér markmið og finna sér lífsgildi.
- Vinna með markvissum hætti að eflingu sjálfsvirðingar og sjálfs-ábyrgðar.
- Lögð sé stund á lýðræðiskennslu með virkri þátttöku allra í skólastarfi og að allir temji sér lýðræðislega siði og venjur í starfi sínu og námi.
- Efla jákvætt andrúmsloft og móta gott starfsumhverfi.
- Unnið sé markvisst gegn einelti.
- Hlúa að margbreytileika mannlífsins og stuðla að góðum samskiptum með fræðslu.
- Hafa markvissa stefnu og fræðslu um samskipti og eflingu lýðræðis-legra starfshátta í skólastarfi.
- Vinna markvisst að gagnkvæmri endurgjöf og hvatningu í starfi meðal samstarfsmanna.
- Virkja starfsfólk í þróun skólastarfs og eigin starfsþróun.



Leikskólar

NÁM OG KENNSLA

Markmið leikskóla varðandi NÁM OG KENNSLU eru að:

- Leggja áherslu á vellíðan barna og gleði og byggja á styrkleika þeirra og hæfni.
- Börn taki framförum í íslensku með málörvun, orðaforðakennslu og áherslu á bernskulæsi.
- Börnum séu sköpuð þroskavænleg leikskilyrði.
- Nám barna og framfarir séu metnar með fjölbreyttum aðferðum.

UMHVERFI OG SKIPULAG

Markmið leikskóla varðandi UMHVERFI OG SKIPULAG eru að:

- Að nám sé miðað við þarfir hvers og eins.
- Lögð sé áhersla á gott skipulagt og markvisst starf.
- Börnum sé kennd virðing fyrir nærumhverfi sínu.
- Leikskólastarf sé metið með fjölbreyttum aðferðum og í samstarfi við börn og foreldra.

Leikskólar

HOLLUSTA OG HREYFING

Markmið leikskóla varðandi HOLLUSTU OG HREYFINGU eru að:

- Börnum séu kynntir heilsusamlegir lífshættir meðal annars með góðum fyrirmyndum.
- Stuðla að lífsgleði barna og kynna þeim jákvæð viðhorf til lífsins.
- Stuðla að góðum matarvenjum og hafa hollustu fæðis í fyrirrúmi sbr. handbók Lýðheilsustöðvar fyrir leikskóla.
- Stuðla að fjölbreyttri útiveru og vettvangsferðum.
- Nýta íþróttamannvirki í Garðabæ til hreyfingar fyrir börn og hafa samstarf við íþróttafélög í bænum um kynningu á íþróttum.

LÝÐRÆÐI OG VIRÐING

Markmið leikskóla varðandi LÝÐRÆÐI OG VIRÐINGU eru að:

- Börn læri sjálfsaga og sjálfstjórn af góðum fyrirmyndum.
- Komið sé fram við börn af virðingu og umhyggju og að starfsfólk sé góð fyrirmynd í kurteisi og góðri framkomu.
- Börn, starfsfólk og foreldrar stundi gagnrýnar samræður og ígrundun á starfi leikskólans á jafningjagrunni.





Grunnskólar

NÁM OG KENNSLA

Markmið grunnskóla varðandi NÁM OG KENNSLU eru að:

- Gefa nemendum fjölbreytt tækifæri til að miðla þekkingu sinni og sýna hæfni sína.
- Þjálfar nemendur í að skipuleggja eigið nám og leggja metnað í störf sín.
- Hafa skýra stefnu um heimanám.
- Nota fjölbreytta mælikvarða og aðferðir við mat á námi.
- Allir vinni markvisst að því að efla íslensku og læsi.
- Leggja áherslu á fjölbreytta kennsluhætti með styrkleika nemenda að leiðarljósi.
- Vinna markvisst að gagnkvæmri endurgjöf og hvatningu í starfi meðal samstarfsmanna.

UMHVERFI OG SKIPULAG

Markmið grunnskóla varðandi UMHVERFI OG SKIPULAG eru að:

- Skipuleggja starf þannig að vinnudagur nemenda í skóla, æskulýðs- og íþróttastarfi verði samfelldur.
- Vinna með æskulýðs- og íþróttafélögum að því að starfi 6-10 ára nemenda sé lokið fyrir kl.18 á daginn.
- Hafa vel skipulagt og fjölbreytt starf tómstundaheimila.
- Að tómstundaheimili/félagsmiðstöð kynni foreldrum markmið starfsins og dagskrá reglulega.
- Virkja starfsfólk, foreldra og nemendur við mat á innra starfi skólans.

Grunnskólar

HOLLUSTA OG HREYFING

Markmið grunnskóla varðandi HOLLUSTU OG HREYFINGU eru að:


- Leggja áherslu á hollustu og hreyfingu í skipulagi skólustarfs sbr. handbók Lýðheilsustöðvar fyrir grunnskóla.
- Kynna íþrótta- og tómstundastarf fyrir nemendum.
- Hafa eftirlit með gæðum skólamáltíða og sjá til þess að nemendum standi til boða hollur matur.
- Kanna líðan og viðhorf nemenda með reglubundnum hætti.

LÝÐRÆÐI OG VIRÐING

Markmið grunnskóla varðandi LÝÐRÆÐI OG VIRÐINGU eru að:

- Beita viðurkenndum aðferðum til að stuðla að jafnræði meðal stúlkna og drengja í námi og vinnu.
- Efla nemendaráðið og þróa jafningjastuðning/ vinnahópa.
- Beita markvissum aðferðum til að tryggja góð og heilbrigð samskipti.
- Nota lýðræðisleg vinnubrögð í kennslu.





Tónlistarskóli

NÁM OG KENNSLA

Markmið tónlistarskóla varðandi NÁM OG KENNSLU eru að:

- Setja fram metnaðarfulla skólastefnu.
- Fylgja markmiðum og tímamörkum aðalnámskrár tónlistarskóla.
- Stuðla að góðri ástundun nemenda.
- Bjóða upp á fjölbreytt tónlistarnám og námsefni.
- Þar starfi góðir fagmenn og stjórnendur.
- Þróa mat á faglegu starfi skólans.

UMHVERFI OG SKIPULAG

Markmið tónlistarskóla varðandi UMHVERFI OG SKIPULAG eru að:

- Aðstaða sé góð og tækjakostur og umgengni til fyrirmyndar.
- Þróað sé fornám í framhaldi af forskóla.
- Mótuð verði stefna um samstarf við aðra tónlistarskóla.
- Foreldrar sjái til þess að aðstaða til heimanáms sé fullnægjandi.
- Nemendur eigi val um að fá hljóðfæratíma á skólatíma.
- Nemendur fái forskólakennslu í grunnskóla.

Tónlistarskóli

TÓNLIST OG MENNING

Markmið tónlistarskóla varðandi TÓNLIST OG MENNINGU eru að:

- Nemendur læri að meta og njóta tónlistar.
- Boðið verði upp á gestakennara, innlenda og erlenda.
- Nemendur taki þátt í tónlistarviðburðum utan skólans.
- Nemendur taki þátt í fjölbreyttu hljómsveita- og samspili.
- Í boði séu fjölbreyttir nemendatónleikar.

LÝÐRÆÐI OG VIRÐING

Markmið tónlistarskóla varðandi LÝÐRÆÐI OG VIRÐINGU eru að:

- Allir hafi aðgang að tónlistarnámi samkvæmt ákveðnum viðmiðum.
- Gagnkvæm virðing ríki á milli nemenda og kennara.
- Traust og virðing ríki á milli foreldra og starfsfólks skólans.
- Nemendur læri að virða tíma annarra og mæti stundvíslega til kennslustunda og æfinga.



